



Reykjavík. 28.2.2024

Ásdís Bergþórsdóttir, sálfræðingur

Krossgatan, Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík

Netfang: krossgatan@krossgatan.is

► Velferðarnefnd Alþingis

Umsögn: Mál 130 – Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir einhverfa

Ég fagna þessu máli mjög. Ég er starfandi sálfræðingur og sinni einvörðungu einhverfum. Í starfi mínu hef ég lagt mig eftir því að kynna mér rannsóknir. Samkvæmt vel unninni og ítarlegri rannsókn Delobel-Ayoub o.fl. (2019) er algengi einhverfu á Íslandi að lágmarki 2,68%.

Ætla má að stuðningsleysi við einhverfa sé samfélaginu mjög dýrt. Á Íslandi eru ekki til tölur um brottfall einhverfra úr framhaldsskóla. Mín klíniska reynsla er að það sé mjög mikið og oft hjá einstaklingum með góða námsgetu sem myndu fara í háskólanám ef þeir gætu. Oft á tíðum eru þetta einstaklingar gætu unnið sérfræðistörf, jafnvel hátt launuð störf s.s. verkfræðistörf.

Einhverfir eru oft utan vinnumarkaðar. Breska Hagstofan birtir reglulega tölur um atvinnuþátttöku einhverfra. Árið 2020 voru 22% fullorðinna einhverfra í Bretlandi í einhverri vinnu (Sparkes o.fl., 2021) og 29% árið 2021 en um helmingur var í fullri vinnu, hinir í hlutastarfi (Putz o.fl., 2022). Það er engin ástæða til að ætla að ástandið sé öðruvísi hér á landi. Það má því ætla að stór hluti einhverfra sé utan vinnumarkaðar á Íslandi.

Einhverfir leita mjög í geðheilbrigðiskerfið en sænsk rannsókn (Nyrenius o.fl., 2002) mat það svo fram á að minnsta kosti 18,9% sjúklinga á göngudeildum geðdeilda væru á einhverfurófi en talan gæti verið farið upp í 35%. Einnig er vert að minna á að einhverfir með eðlilega greind eru í 9,4 sinnum meiri áhættu á því að fremja sjálfsvíg en óeinhverfir (Hirvikoski o. fl., 2016)

Af þessum tölum er það ljóst að stuðningsleysi við einhverfa er samfélaginu kostnaðarsamt. Það má því ætla að kostnaður við þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir einhverfa myndi skila sér í samfélaginu sem aukin atvinnuþátttaka einhverfra og minni kostnaður í geðheilbrigðiskerfinu og því með auknum tekjum ríkissjóðs.

Það er vert í lokin að minnast á að þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir einhverfa verður ætíð að þjónusta einhverfa á þeirra grundvelli. Slök þjónusta við einhverfa einkennist af kröfum um að einhverfir látist vera óeinhverfir og tilboðum um alls kyns aðstoð og þjálfun til að einhverfir geti lært að leika að vera óeinhverfir. Einnig hefur það verið langvarandi vandi að einhverfir eru þjónustaðir af fólki sem er fast í úreltri þekkingu frá síðustu öld. Það þarf að tryggja að þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir einhverfa þjónusti þá miðað við bestu og nýjustu þekkingu á einhverfu.

Virðingarfyllt

Ásdís Bergþórsdóttir, sálfræðingur
Krossgatan, sálfræðiráðgjöf